

Fundargerð

256. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 19. janúar 2024, kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Jón Viðar Matthíasson og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. Breyting á stjórn SHS í janúar 2024 - 2401015

Einar Þorsteinsson tekur sæti í stjórn SHS sem fulltrúi Reykjavíkurborgar og formaður stjórnar.

Dagur B. Eggertsson tekur sæti sem varafulltrúi Reykjavíkurborgar.

Niðurstaða

Stjórn SHS og slökkviliðsstjóri bjóða Einar velkominn til starfa.

2. Endurskoðunarnefnd, starfsskýrsla 2023 - 2312009

Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar SHS, kynnir starfsskýrslu nefndarinnar á tímabilinu ágúst 2022 til júní 2023.

Niðurstaða

Kynning.

Gestir

Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar SHS -

Fylgiskjöl

SHS 256 2.1 Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar 2023.pdf

3. Tölfræði, nokkrar upplýsingar - 2401010

Farið yfir nokkrar tölfræðiupplýsingar varðandi íbúapróun og þróun sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða

Kynning.

4. Starfsáætlunstjórnar 2024 - 2401011

Starfsáætlun stjórnar SHS fyrir árið 2024 lögð fram.

Niðurstaða

Kynning. Formaður undirritar starfsáætlun.

Fylgiskjöl

SHS 256 4.1 Starfsáætlun stjórnar 2024.pdf

5. Árlegt mat á störfum stjórnar og framsetningu gagna - 2401012

Starfsreglur stjórnar gera ráð fyrir árlegu árangursmati á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra, sem og árlegu mati á framsetningu slökkviliðsstjóra á gögnum til stjórnar.

Niðurstaða

Óskað verður eftir því að innri endurskoðun SHS framkvæmi mat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra og framsetningu á gögnum á árinu 2023.

6. Árleg eftirlitsáætlun SHS 2024 - 2401013

Slökkviliðsstjóri leggur fram eftirlitsáætlun ársins vegna eldvarnaskoðana forvarnasviðs.

Niðurstaða

Eftirlitsáætlun SHS 2024 staðfest.

Fylgiskjöl

SHS 256 6.1 Árleg eftirlitsáætlun 2024 m. lista.pdf

7. Breytingar á lögum um brunavarnir - 2309023

Þann 28. desember sl. tóku gildi lög nr. 113/2023 um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur og fleiri lögum (úrbætur í brunavörnum). Farið yfir helstu breytingar á lögum um brunavarnir o.fl.

Niðurstaða

Kynning.

8. Almannaþingarnefnd, mönnun - 2312004

Frestað frá síðasta stjórnarfundum. Slökkviliðsstjóri óskar eftir styrkingu á starfsemi almannaþingarnefnda á höfuðborgarsvæðinu með fjölgun starfsmanna almannaþingarnefnda.

Niðurstaða

Formaður og slökkviliðsstjóri uppfæra minnisblað frá síðasta fundi í ljósi nýliðinna atburða. Unnin verði drög að starfslýsingu og auglýsingu. Boðaður verði aukafundur til formlegrar afgreiðslu.

9. Önnur mál - 2401014

9.1 Tillögur starfshóps um húsnæðismál eru í umfjöllun hjá aðildarsveitarfélögum.

Niðurstaða

Kynning.

Fundi slitið kl. 09:00.

Einar Þorsteinsson Rósa Guðbjartsdóttir
Almar Guðmundsson Ásdís Kristjánsdóttir
Þór Sigurgeirsson Regína Ásvaldsdóttir